

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *7. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 12. október 2006, kl. 15:00.

**DAGSKRÁ:**

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Landgræðslu ríkisins, ósk um breytingu á aðalskipulagi við Dimmuborgir.
3. Erindi frá Héðni Sverrissyni, ósk um breytingu á aðalskipulagi í landi Geiteyarstrandar 1.
4. Stofnskjöl v/lóða við Helgavog.
5. Erindi frá Sýslumanni v/leyfis til handa Jóni Illugasyni, var frestað á fundi 31. ágúst sl. vegna formgalla.
6. Snjómokstur.
7. Tillaga samvinnunefndar sveitarfélaga og orkufyrirtækja um landnýtingar- og verndaráætlun háhitasvæða á Norðausturlandi.
8. Ályktun vegna könnunarviðræðna um sameiningu Þingeyjarsveitar, Aðaldælahrepps og Skútustaðahrepps.

Til kynningar:

Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Landgræðslu ríkisins v/Dettifossvegar dags. 6. september.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Elín Steingrímsdóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og bauð Elínu velkomna á sinn fyrsta fund, jafnframt óskaði oddviti eftir að bæta máli 8 á dagskrána.

Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá Landgræðslu ríkisins, ósk um breytingu á aðalskipulagi við Dimmuborgir.**

Borist hefur bréf dags. 18. sept. frá Landgræðslu ríkisins, þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Ástæða beiðinnar er fyrirhugað stækkun á bílastæði, og bygging þjónustuhúsa við Dimmuborgir. M.f. er uppráttur sem markar svæðið og samþykki landeiganda Geiteyjarstrandar 1.

Málinu frestað og sveitarstjóra falið að afla nákvæmari teikninga.

**3. Erindi frá Héðni Sverrissyni, ósk um breytingu á aðalskipulagi í landi Geiteyjarstrandar 1.**

Borist hefur bréf frá Héðni Sverrissyni, þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps í landi Geiteyjarstrandar 1. Fyrirhugað er að skipuleggja svæði undir ferðaþjónustu og frístundahúsabyggð.

Málinu frestað og sveitarstjóra falið að afla nákvæmari teikninga.

**4. Stofnskjöl v/lóða við Helgavog.**

Borist hefur uppráttur unnin af Búgarði, frá Ólafi H. Jónssyni f.h.

Landeigenda Reykjahlíðar, þar sem óskað er eftir staðfestingu skipulagsyfirlvalda á lóð undir og umhverfis tvö íbúðarhús við Helgavog.

Sveitarstjórn samþykkir uppráttinn með fyrirvara um staðfestingu

Umhverfísráðherra á aðalskipulagsbreytingunni sem liggur hjá ráðuneytinu.

**5. Erindi frá Sýslumanni v/leyfis til handa Jóni Illugasyni, var frestað á fundi 31. ágúst sl. vegna formgalla.**

Nú hefur borist leiðrétt erindi frá Sýslumanni. Sveitarstjórn samþykkir viðbót um eitt herbergi í Helluhrauni 15. Varðandi Helluhraun 16 er sveitarstjóra falið að láta fara fram grenndarkynningu í samræmi við lokamálgrein 43 gr. skipulags- og byggingalaga sem er svo hljóðandi:

*“Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Áð þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar. [Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á upprátt að*

*þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.]<sup>1)</sup>*

**6. Snjómokstur.**

Samningur um snjómokstur er útrunninn. Sveitarstjórn ákveður að bjóða snjómoksturinn í þéttbýlinu í Reykjahlíð út, til næstu fimm ára. Sveitarstjóra falið að vinna útboðsgögn.

**7. Tillaga samvinnunefndar sveitarfélaga og orkufyrirtækja um landnýtingar- og verndaráætlun háhitasvæða á Norðausturlandi.**

Fyrir liggur til kynningar tillaga samvinnunefndar sveitarfélaga og orkufyrirtækja um landnýtingu og verndaráætlun háhitasvæða á Norðausturlandi. Sveitarstjórn samþykkir að leita álits Umhverfis-Landbúnaðar- og Atvinnumálanefndar á tillögunni. Athugasemdir nefnda verða að hafa borist sveitarstjórn í síðasta lagi 20. október.

**8. Ályktun vegna könnunarviðræðna um sameiningu Þingeyjarsveitar, Aðaldælahrepps og Skútustaðahrepps.**

Á sameiginlegum fundi sveitarstjórna Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að Ýdölum 11. október 2006 var eftirfarandi ályktun samþykkt.

*Skipuð verði vinnunefnd þar sem eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi og tveir til vara. Hlutverk nefndarinnar verði að kanna grundvöll fyrir sameiningu sveitarfélaganna og leiða þá vinnu sem til þess þarf. Sveitarstjórnirnar tilnefni fulltrúa sína í nefndina fyrir 25. október. Fulltrúar Aðaldælahrepps kalli saman fyrsta fund vinnunefndarinnar. Stefnt skal að þeim fundi í fyrstu viku nóvember.*

Samþykkt að fulltrúar Skútustaðahrepps í viðræðunefndinni verða, Böðvar Pétursson og Dagbjört Bjarnadóttir. Til vara Kristján Stefánsson og Ingunn Guðbjörnsdóttir.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Elín Steingrímsdóttir,  
Böðvar Pétusson.